

Mál nr. 1063/2024
Breyting á deiliskipulagi
Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ



Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda tillögu að breyttu deiliskipulagi að Smiðjuvegi 76 í Kópavogsbæ dags. 12. júlí 2024 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegagerðin vekur athygli á 90. grein núgildandi umferðalaga um auglýsingaskilti við veg.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega (sjá kafla 2.3 í ritinu „Vegir og skipulag“ Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.¹).

Vegagerðin mælir með að helstu vegir í umsjá Vegagerðarinnar verði auðkenndir í deiliskipulagi, að lágmarki á skýringarkorti fyrir vegi. Um vegi í umsjá Vegagerðarinnar gilda sérstök lög og reglur og æskilegt að þeir séu auðkenndir.

Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni og óskað er eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Það er mat Vegagerðarinnar að viðbyggingin, sem deiliskipulagsbreytingin á við um, sé á mörkum þess að vera innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar. Sækja þarf um leyfi til að byggja innan veghelgunarsvæðis til Vegagerðarinnar. Fyrirhuguð bygging virðist ekki hafa áhrif á sjónlínur ökumanna eða hafa annarskonar áhrif á umferðaröryggi gatnamótanna og því ætti að vera nokkuð auðstótt að fá leyfi til að byggja innan veghelgunarsvæðis á þessum stað.

Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga. Í þessu samhengi er bent á að aðgengi að reitnum frá Smiðjuvegi er innan við 50m frá hringtorginu við Stekkjarbakka og er ekki hluti

Síða 1/2

Vegagerðin
Cecilia Þórðardóttir
- Vg

¹ <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/leidbeiningar-og-reglur/vegir-og-skipulag/vegir-og-skipulag-leidbeiningar>

af nógildandi deiliskipulagi. Æskilegt væri að loka tengingunni og nota frekar aðkomu frá Smiðjuvegi – gulri götu, milli Smiðjuvegur 72 og 74 sem er hluti af nógildandi deiliskipulagi. Smiðjuvegur er ekki stofnvegur og er þetta því einungis ábending frá Vegagerðinni en ekki athugasemd.



F.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir,
verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Síða 2/2

Vegagerðin

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026